

58  
27. júní

# Lög

um

breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnsarráðið gefur út.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Pjetur Jónsson.*